

Mál nr. 1

KV gegn Afríku

Kæra KV Dómkröfur

Þess er krafist að Knattspyrnufélagi Vesturbæjar verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

Til vara er þess krafist að leikurinn verði ógiltur og liðum gert að spila leikinn að nýju.

Málavextir

Mánudaginn 21. maí áttust við lið Knattspyrnufélags Vesturbæjar (hér eftir skammstafað KV) og Afríku á gervigrasinu í Laugardal. Var leikurinn heimaleikur Afríku.

Þegar hefja átti leik var bolti ekki tiltækur né heldur voru aðstoðardómara mættir á vegum kærða. Voru mál leyst þannig að leikmenn kæranda tóku að sér línuvörslu enda gáfu forráðamenn kærða það út að aðstoðardómara væru á leiðinni. Voru gerðar athugasemdir um þetta við dómara en leikur eigi að síður settu í gang. Ekki mættu aðstoðardómara fyrr en í hálfleik.

Þá leikur grunur á að kærði hafi telt fram ólöglegum leikmanni. Þannig ber leiksýrsla með sér að tveimur leikmönnum hafi verið skipt út af en þrír leikmenn hafi komið inn á. Leikmaður nr. 16 sem einnig kom inn á í þessum leik er hvergi að finna á leikskýrslu. Þetta fær og stoð í áritun dómara á leikskýrslu en þar segir:

“Leikmaður nr. 16 Afríku er ekki til á skýrslu ”

Þá segir ennfremur í athugasemdum á skýrslu:

“Leikmaður nr. 13, 131283-2759 – spilar inn á í fyrri hálfleik en tekur samt þátt í 22 skiptingum.”

Einnig má gera athugasemdir við það að aðeins annar aðstoðardómari setur starfi sínu undir skýrsluna.

Eftir leikinn tilkynnti dómari leiksins forráðamanni kæranda að framkvæmd leiksins væri í hæsta máti óeðlileg og að skiptingar kærða væru vafasamar.

Lagarök

1) Um aðalkröfu:

Í 9. gr. reglugerða KSÍ um knattspyrnumót segir í 1. töluliði:

Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi.”

Það er ljóst að leikskýrsla kærða er röng að því leyti að hún tiltekur ekki alla þá leikmenn sem léku með liðinu í umræddum leik. Leikur því vafi á hver leikmaður nr. 16 var og hvort hann hafi yfir höfuð verið löglegur í þessum leik. Þá er reglum KSÍ um útfyllingu skýrslunnar ekki fylgt og meðal annars er þálfari liðsins ekki tilgreindur.

Um ólöglega skipað lið ræðir í 40. gr. reglugerða KSÍ um knattspyrnumót. Þar segir í grein 40.1 “Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatöflunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða (...)”

Og í grein 40.3 segir

“Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsna nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.”

Lið kærða hefur áður verið staðið að því að nota ólöglega leikmenn sbr. mál nr. 2/2006 Árborg gegn Afríku og nr. 3/2005 Augnablik gegn Afríku.

Það er ljóst að leikskýrsla var ranglega fyllt út og að í leiknum lék leikmaður sem ekkert er vitað um. Hvorki nafn, kennitala né hvort hann hafi yfir höfuð verið gjaldgengur til leiks sbr. gr. 3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Með hliðsjón af því og fyrrgreindum lagagreinum þá er talið sannað að kærði hafi ranglega fyllt út leikskýrslu og að nægjanlega séu leiddar að því líkur að með liðinu hafi leikið ólöglegur leikmaður. Því er gerð sú krafa að KV verði dæmdur sigur í leiknum 3-0.

2) Um varakröfuna

Í 17. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir að kappleikur sé því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.

Samkvæmt 15.1. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skulu aðildarfélag KSÍ annast framkvæmd heimaleikja sinna. Í staflið c, 3. tl. 19. gr. sömu reglugerðar segir.

“Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

a. 3. deild karla (riðlakeppni) (...)”

Þá segir í grein 19.5. að:

“Hafi dómari eða aðstoðardómara með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs. Þessi regla á við þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara (...)”

Það liggur fyrir að aðstoðardómara mættu ekki til leiks og þrátt fyrir fögur fyrirheit þá lét enginn slíkur sjá sig áður en dómari flautaði til leiks. Dómari tók þá ákvörðun að flauta til leiks enda hlupu varamenn kæranda í skarðið vegna þess loforðs kærða að aðstoðardómara væru væntanlegir á næstu fimm mínútum. Sá tími dróst. Voru gerða athugasemdir við þetta fyrir leik og eftir leik af hálfu forráðamanna kæranda.

Það er skoðun kæranda að dómari leiksins hafi átt að flauta leikinn af þegar ljóst var að aðstoðardómara á vegum og ábyrgð kærðar yrðu ekki til taks.

Keppnisboltar voru ekki tiltækir en það er á ábyrgð heimaliðs að gæta að slíku.

Með hliðsjón af þessu og með vísan til lagagreina reglugerðar KSÍ er gerð sú krafa að leikur KV og Afríku verði ógiltur og liðunum gert að spila hann að nýju.

Sönnungargögn

Leikskýrsla leiks Afríku og KV frá 21. maí 2007.

Vitni

Hjörvar Ólafsson, kt.200685-3349. aðstoðarþjálfari KV.

Guðmundur Ársæll Guðmundsson, kt: 220873-4209, dómari leiksins.

Reykjavík, 24. maí 2007

f.h. Knattspyrnufélags Vesturbæjar

Sverrir Björgvinsson,
varformaður

Greinargerð Afríku

Varðandi leik Afrika United og KV 21. maí 2007 á gervigrasvelli Laugardals.

Bæði lið mættu á sama tíma. Afrika fylgdi leikskýrslu eins og hún var rituð. Í þeirri skýrslu var nr 16 skráður en þjálfari Afriku þurfti þá að fylla út sameiginlega skýrslu Afriku og KV samkvæmt óskum dómara. Eftir að hann byrjaði að skrifa skýrsluna varð honum ljóst að hann þurfti að sækja boltana og spurði hann því dómarann hvort hann gæti farið og sótt boltana. nr. 9 fór með honum að sækja þá. Vegna þessa tímaleysis gleymdi þjálfari Afriku að skrá nr. 16 á þessa leikskýrslu. Þjálfarinn kom síðan 20:03 en dómariinn hafði hafið leikinn á slaginu 20:00. Samkvæmt reglum KSÍ má leikur hefjast um 5 mínútur. Dómariinn hafði þá sent nr. 13 strax inn í stað nr. 9 en eftir reglum KSÍ má nr. 13 ekki hefja leik. Í liði Afriku voru 10 manns en það stendur einnig í reglum KSÍ og UFA að leikur megi hefjast með 8 til 9 manns í liði. nr. 13 spilaði hins vegar bara í fyrri hálfleik en tók ekki þátt í 2. skiptingu.

Afrika mætti með einn línudómara en annar dómari var forfallaður vegna veikinda og því spurði þjálfari Afriku þjálfara KV hvort hann gæti bætt við öðrum dómara frá KV svo að leikurinn yrði sanngjarn. Þjálfari KV samþykkti það strax.

Í leiknum fékk Afrika 1 rautt spjald sem ætti ekki að vera en lið KV framdi 4 alvarleg brot sem ekki fengu einu sinni gult spjald. Lið KV var mjög gróft í seinni hálfleik, einkum á móti ungu B.lídi okkar þá sérstaklega þegar 60 mínútur voru liðnar af leiknum og staðan var enn 1/1 og var það fyrir framan línudómara okkar (Uchechu K. M. Eze).

Með kveðju,
Said formaður Knattspyrnufélags Afriku.

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2007, þriðjudaginn 19. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Kolbeini Árnasyni og Sigurði I. Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2007:
Knattspyrnufélag Vesturbæjar (KV)
gegn
Afríku.

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélag Vesturbæjar (KV), kt.580906-1330, Frostaskjólí 81, Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður Páll Kristjánsson, formaður.

Kærði:

Afríka, kt. 421202-2810, P.O. Box 8684, 128 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður Zakaria Elías Anbari, framkvæmdastjóri.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 24. maí sl. Kærða var gefinn kostur á skila greinargerð þann 25. maí sl. og barst ódagsett greinargerð kærða þann 2. júní sl.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að Knattspyrnufélagi Vesturbæjar (KV) verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna þann 21. maí sl.

Til vara er þess krafist að leikurinn verði dæmdur ógiltur og liðunum gert að spila leikinn að nýju.

Greinargerð kærða í málinu felur í raun í sér, að þess sé krafist að úrslit leiksins verði látin standa óhögguð.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að þegar hefja átti leik liðanna þann 21. maí s.l. í 3.deild Íslandsmótsins í knattspyrnu á gervigrasvellingum í Laugardal, sem var heimaleikur kærða, var hvorki bolti tiltækur né voru aðstoðardómarar mættir á vegum kærða. Voru mál leyst þannig að leikmenn kæranda tóku að sér línuvörslu enda gáfu forráðamenn kærða það út að aðstoðardómarar væru á leiðinni. Kærandi gerði athugasemdir um þetta við dómara en leikurinn var eigi að síður flautaður á. Ekki mættu aðstoðardómarar fyrr en í hálfleik. Þá leikur grunur á að kærði hafi telft fram ólöglegum leikmanni. Þannig ber leikskýrsla með sér að tveimur leikmönnum hafi verið skipt út af en þrír leikmenn komið inn á. Leikmaður nr. 16 sem einnig kom inn á í þessum leik er hvergi að finna á leikskýrslu. Kærandi vísar til áritunar dómara á

leikskýrslu þar sem segir: "Leikmaður nr. 16 Afríku er ekki á skýrslu." Þá segir ennfremur í athugasemdum á skýrslu. "Leikmaður nr. 13, 311283-2759 – spilar inn á í fyrri hálfleik en tekur samt þátt í 2x skiptingum."

Kærandi kveður dómara leiksins hafa tilkynnt forráðamanni kæranda að leik loknum að framkvæmd leiksins hafi verið í hæsta máta óeðlileg og að inn á skiptingar kærða hafi verið vafasamar.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til eftirtaldrá ákvæða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót: 9. gr. Leikskýrsla, 40. gr. Ólöglega skipað lið.

Þá vísar kærandi einnig til þess að kærði hafi áður verið staðinn að því að nota ólöglega leikmenn sbr. dómar Dómstóls KSÍ nr. 3/2005 og nr. 2/2006.

III.

Í greinargerð kærða er því haldið fram að vegna mistaka hafi láðst að skrá leikmann nr. 16 á leikskýrslu. Ástæðan hafi verið sú að þjálfarinn, sem var að fylla út skýrsluna hafi þurft að sækja keppnisboltann og hafi þess vegna gleymt að skrá leikmann nr. 16 á skýrsluna þegar hann kom til baka. Þá gefur kærði þá skýringu að forföll annars aðstoðardómara hafi verið vegna veikinda.

IV.

Í samantekt dómara leiksins sem sendi var mótstjórn KSÍ og afrit til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ kemur m.a. fram að lið kærða hafi ekki skilað leikskýrslu fyrir tilsettan tíma og af þeim sökum hafi leikur tafist um 15 mínútur, þá hafi aðstoðardómari 2 ekki mætt til leiks og kærði mætti ekki með knetti til leiksins.

Þá segir eftirfarandi í samantekt dómara:

1. Þegar leikur var flautaður á, eftir 15 mínútna seinkun voru liðsmenn Afríku einungis 10.
2. 11. maðurinn hefur laumað sér inn á völlinn án þess að dómari tæki eftir en 11 leikmenn frá liði Afríku gengu af velli í leikhlé.
3. Ekki tókst dómara né aðstoðardómara að finna út hver 11. leikmaðurinn var.
 - a. Grunur beinist að leikmanni # 13 kt. 311283-2759."

Síðar segir dómari m.a.: "Leikmaður # 13 í liði Afríku sem kom greinilega út af í lok fyrri hálfleiks, er skipt inn á 46. mínútu í stað leikmann # 2 og er svo skipt út af á 70. mínútu. Inn á kemur leikmaður # 16 sem ekki var á leikskýrslu."

V.

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um hvort lið kærða hafi verið ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Í gr. 9.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir:

"Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi."

Það er ljóst samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum málsins að leikskýrsla var ekki rétt fyllt út af hálfu forsvarsmanna kærða þar sem leikskýrslan tiltekur ekki alla þá leikmenn sem þátt tóku í leiknum f.h. kærða og á það a.m.k. við um leikmann nr. 16 auk fleiri atriða.

Um ólöglega skipað lið er fjallað í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í gr. 40.1 segir:

"Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000."

Svo sem að framan er rakið þykir upplýst að leikskýrsla var ranglega fyllt út og að í leiknum lék leikmaður kærða sem ekkert er vitað um hvorki, nafn, kennitala né hvort hann hafi yfir höfuð verið hlutgengur til leiks sbr. gr. 3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000,-

Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnufélag Vesturbæjar hafa unnið leikinn 0-3 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 20.000,- til KSÍ.

VI.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnuliðið Afríka telst hafa tapað leik gegn Knattspyrnufélagi Vesturbæjar (KV) í 3. deild meistaraflokki karla sem fram fór 21. maí 2007 á gervigrasvellingum í Laugardal með markatölunni 3-0.

Kolbeinn Árnason

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson.